

Nr. 22.
2.
nóvbr.

L ö g

um breyting á póstlögum 16. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Á eftir staflað b. í 16. gr. í póstlögnum 16. nóvember 1907 komi nýr staflaður svo hljóðandi:

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Stjórnarráðið getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugjörð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 23.
2.
nóvbr.

L ö g

um friðun hjera.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hjerar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða allt árið.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepist er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.